

108 ingu Útflutningsnefndar nr. 6, sje rjett, og skulu þeir jafnframt tilgreina það í 6. sept. vottorði sínu, samkvæmt fyrirráðum í sömu tilkynningu.

3. gr. Verði kjötinu ekki skipað út hið bráðasta eftir að söltunin hefir farið fram, skulu þeir sjá um, að því sje vel við haldið með þækli, og tunnurnar athugaðar og bættar, ef leki kemur að þeim. Endurþækling skal fara fram að minsta kosti á mánaðar fresti, meðan kjötið liggur til geymslu, og þegar kjötið er flutt á skip skal þess gætt í hvert sinn, að tunnurnar sjeu fullar af þækli; ennfremur skulu matsmenn sjá um, að útskipun fari vel úr hendi, og að þær tunnur, sem kunna að skemmast við útskipun, verði bættar að fullu áður en þær eru fluttar í burtu.

4. gr. Matsmenn sjá um, að tunnurnar sjeu vel og greinilega merktar, eftir því sem mælt er fyrir í tilkynningu Útflutningsnefndar nr. 6, og á við hvern flokk.

5. gr. Þegar kjötinu er skipað út, skulu matsmenn rita vottorð á farmskránnar, samkvæmt tilkynningu Útflutningsnefndar nr. 6.

6. gr. Matsmenn fá í kaupgjald 1 — eina — krónu fyrir hverja klukkustund, sem þeir eru að starfi sínu, og er þeim skylt að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlitsins að öðru leyti. Kaupgjaldið greiðist af þeim, sem kjötið er metið fyrir, samkv. reglugjörð stjórnarráðsins dags. 4. sept. þ. á.

Reykjavík, 6. sept. 1917.

Thor Jensen.

Pjetur Jónsson.

O. Benjamínsson.

Sýnishorn

af vottorði, er matsmenn á saltkjöti rita á farmskírteini.

Við undirritaðir eiðsvarnir matsmenn á saltkjöti, sem haft höfum með höndum umsjón og mat á hjer tilgreindu kjöti, vottum hjer með, að kjötið er hreint, í hreinum og góðum tunnum, hæfilega saltað og fullþæklað, svo og flokk-

að eftir fyrirsettum reglum. Ennfremur, að tilgreind vigt í tunnunum sje rjett. **109**
Kjötið skiftist í flokka þannig:

K. I. a.	tunnur á 112 kgr.	tunnur á 100 kgr.
K. I. b.	— - 112 —	— - 100 —
K. I. c.	— - 112 —	— - 100 —
K. I. d.	— - 112 —	— - 100 —
K. II.	— - 112 —	— - 100 —
Alls	<u> </u>	<u> </u>	— - 100 —

Við höfum og haft umsjón með framskipun kjötsins, og sannfært okkur um, að allar tunnurnar voru ólekar og vel þækilfyltar, er þær voru fluttar í skip.

Að ofan nefndir menn sjeu eiðsvarnir matsmenn á saltkjöti vottast hjer með.

Skrifstofu

sýslu

Auglýsing

110
14. sept.

stjórnarráðsins um barnafræðslu skólaárið 1918—19.

Auglýsing sú, sem gefin var út 15. sept. 1917, skal og gilda skólaárið 1918—19, en það skal tekið fram, að hverju því farskólahjæraði, sem reynist ókleift að halda uppi farskóla næsta vetur, skal skylt til að ráða hæfan mann til að líta eftir heimilisfræðslunni, og fær það styrk úr landssjóði, ef kennarinn starfar 24 vikur.

Reykjavík, 14. sept. 1918.

Stjórnarráðið.